

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 3. desember 2019

Mál nr. E-4330/2018:

Hafskip slf.

(Páll Ásgeir Davíðsson hdl hdl)

gegn

Vörður tryggingar hf.

(Eva Bryndís Helgadóttir hrl.)

Dómur

I.

Mál þetta, sem var höfðað með stefnu birtri 10. desember 2018, var dómtekið 21. nóvember 2019. Stefnandi er Hafskip slf., [---], en stefndi er Vörður tryggingar hf., Borgartúni 25, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru:

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 4.292.196 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 30. desember 2016 og hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá 28. mars 2017, sbr. 9. gr. laga nr. 30/2001.

Að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða stefnanda kostnað að fjárhæð 480.200 krónur fyrir að reka mál sitt fyrir úrskurðarnefnd vátryggingamála, ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá 5. nóvember 2017 samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 og hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá 5. desember 2017 samkvæmt 9. gr. laga nr. 38/2001. Þá krefst stefnandi greiðslu málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda, auk greiðslu málskostnaðar, en til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

II.

Í máli þessu krefst stefnandi greiðslu bóta úr híftryggingu smábáta LS, svokallaðri smábátatryggingu, sem stefnandi var með hjá stefnda frá 1. júlí 2016 til 31. desember 2016.

Málsatvik eru óumdeild. Farið var um borð í bátinn Gosa KE-102, sem er í eigu stefnanda, í lok desember 2016, þar sem báturinn lá við bryggju í Njarðvíkurhöfn og

fjarlægðar þaðan m.a. sex handfærarúllur sem voru á dekki bátsins. Lás á skorsteinshúsi bátsins var klipptur í sundur, en handfærarúllurnar voru tengdar við rafmagnstöflu sem var inni í skorteinshúsinu. Auk handfærarúllnanna voru tekin verkfæri og tveir björgunargallar. Stefnandi féllst á greiðslu bóta vegna verkfæra og björgunargallans, en hafnaði bótaskyldu vegna handfærarúllnanna, með þeim röksemdum að bótaskyldan tæki ekki til veiðarfæra. Þjófnaður á handfærarúllum sem væru á dekki bátsins félli utan gildissviðs tryggingarinnar og vátryggingin tæki ekki til tjóns á drifbúnaði, rafkerfi, staðsetningartækjum, fjarskiptatækjum, radar, fiskileitartækjum, línuvindum og öðrum sambærilegum búnaði.

Stefnandi skaut ákvörðun stefnda til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum hinn 15. ágúst 2017. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að þar sem handfærarúllurnar hefðu verið „úti“, hefði þeim ekki verið stolið við innbrot og félli þjófnaður á þeim því ekki undir bótasvið í skilmálum stefnda. Stefnandi ætti því ekki rétt á bótum úr smábátatryggingu stefnda vegna þjófnaðar á handfærarúllum.

Fyrirsvarsmaður stefnanda gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins.

III.

1. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi telur að handfærarúllur falli undir bótasvið tryggingarinnar, sbr. grein 1.1 í tryggingarskilmálunum. Handfærarúllur séu ein tegund vinda og því falli þær undir skilmálana.

Stefnandi vísar til greinar 9.3. í skilmálunum, þar sem segir svo:

Bátnum skal læst tryggilega þegar frá honum er gengið. Siglingatæki, fjarskiptatæki, handfærarúllur og annar laus búnaður skal fjarlægður úr bátnum þegar hann er uppi á landi eða í höfn í lengri tíma.

Stefnandi bendir á að handfærarúllur séu fastar við bátinn og því hluti af bát og fylgifé hans. Undanþáguákvæði greinar 1.2 í skilmálunum, sem undanskilji m.a. veiðarfæri, geti því ekki átt við um handfærarúllur. Stefnandi bendir á að skilgreining á handfærarúllum sem veiðarfæri fari gegn viðurkenndri hugtakanotkun. Vafa í skilmálunum beri að túlka tryggingartaka í hag. Stefnandi hafi mátt trú á því og treysta að rúllurnar væru að fullu tryggðar. Ef ætlunin hefði verið að undanskilja þær tryggingunni hefði stefnda verið í lófa lagið að taka það sérstaklega fram í grein 1.2.

Stefnandi byggir á því að verknaðurinn sem fólst í því að fara um borð í bátinn teljist innbrot eða skemmdarverk og falli því undir grein 3.1.7 í skilmálunum, þar sem segir að tryggingin bæti tjón á bátnum sem stafi á beinan hátt af innbroti, innbrotspjófnaði eða skemmdarverkum. Bendir stefnandi á að klippt hafi verið á lás á skorsteinshúsi og rafmagnssnúgur klipptar til þess að stela handfærarúllunum. Telur

stefnandi engu máli skipta þó að rúllurnar hafi verið á dekki bátsins. Klippt hafi verið á snúrur sem tengdu rúllurnar við rafmagnstöflu, sem var inni í lokuðu rými.

Stefnandi telur að í 4. gr. skilmálanna sé tæmandi upptalning á undantekningum frá bótaskyldu. Ekki komi þar fram að munir sem eru á dekki/utandyra á bátum falli utan gildissviðs tryggingarinnar.

Stefnandi bendir á að samkvæmt grein 1.1 í skilmálunum sé aðeins gerð krafa um að fylgifé báts sé um borð í bátum, en ekki að það séu læst innandyra.

Verði ekki fallist á framangreint byggir stefnandi á því að tjónsatburðurinn teljist vera skemmdarverk samkvæmt grein 3.1.7 í skilmálunum.

2. Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að stefnandi hafi ekki orðið fyrir tjóni sem falli að hugtaksskilyrðum skilmála smábátatryggingar sem stefnandi var með í gildi hjá stefnda. Er nánar á því byggt að handfærarúllur séu undanskyldar bótasviði smábátatryggingarinnar. Er því hafnað að rúllurnar séu ein tegund vinda, með vísan til greina 1.1 og 9.3 í skilmálunum. Síðargreinda ákvæðið sé skilgreint sem varúðarregla og mæli fyrir um að bátum sé læst tryggilega þegar frá honum sé gengið og laus búnaður fjarlægður úr honum þegar hann sé uppi á landi eða í höfn í lengri tíma. Séu handfærarúllur nefndar í ákvæðinu í dæmaskyni um lausan búnað um borð, með siglinga- og fjarskiptatækjum, sem beri að fjarlægja úr bátum. Um sé að ræða háttænisreglu í skilmálunum til þess að forða því að munum sé stolið.

Stefndi byggir einnig á því að undanþáguákvæði greinar 1.2 eigi aðeins við um eiginleg veiðarfæri. Þá bendir stefndi á að innbrot í skorsteinshús bátsins hafi ekki verið nauðsynlegt til að stela handfærarúllunum. Klippa hefði mátt á rafmagnssnúrur hvar sem var. Stefndi hafnar bótaskyldu þar sem handfærarúllurnar hafi verið á dekki bátsins og því hafi verknaðaraðferðin ekki verið innbrot.

Þá mótmælir stefndi þeirri fullyrðingu stefnanda að lögregla skilgreini tjónsatvikið sem innbrot í skýrslu sinni. Fyrir liggja skýrsla Sigurðar Hrafns Sigurðssonar, varðstjóra hjá lögreglustjóranum á Suðurnesjum. Á fyrstu blaðsíðu skýrslunnar sé að finna heiti brotsins, upplýsingar um vettvang og fleiri atriði. Undir liðnum „heiti brots“ sé ritað „þjófnaður“ og undir liðnum „skýring nánar“ sé ritað „þjófnaður – innbrot“. Hafnað er þeirri túlkun stefnanda að flokkun lögreglu á heiti brotsins staðfesti að um innbrotþjófnað hafi verið að ræða hvað handfærarúllurnar varði sérstaklega. Bendir stefndi á að flokkun lögreglu vísi eingöngu til sakarefnis brotsins í heild sinni og heimfærslu þess til almennra hegningarlaga.

Stefndi bendir á að ákvæði 1. og 3. gr. skilmálans og þær ábyrgðartakmarkanir sem þar er að finna verði ekki skýrðar með gagnályktun frá öðru undanþáguákvæði, eins og stefnandi virðist byggja á. Í gr. 4.1.2, sem fjalli meðal annars um tjón á

línuvindum, sé skýrt tekið fram að tjónið sé ekki bótaskyldt nema það megi rekja beint til atvika sem bótaskyld eru skv. gr. 3.1. Með vísan til alls sem fram hefur komið telur stefndi því að tilvitnað undanþáguákvæði taki af allan vafa, hafi hann verið einhver, um það að þjófnaðurinn á handfærarúllunum um borð í Gosa KE-102 sé ekki bótaskyldur úr smábátatryggingunni.

Stefndi bendir einnig á að sambærileg skilmálaákvæði annarra íslenskra váttryggingafélaga hafi verið skýrð á þann veg að innbrotþjófnaður taki ekki til tjónstilvika þar sem mun er stolið úr húsnæði þar sem gerandi hefur haft frjálsa för eða úr ólæstu vinnurými.

Verði ekki fallist á sýknu vegna framanritaðs er á því byggt að stefndi sé laus úr ábyrgð að öllu leyti þar sem stefnandi hafi brotið gegn varúðarreglu sem áréttuð er í váttryggingarskírteini vegna tryggingarinnar. Í váttryggingarskírteininu segi: „*Siglingatæki, fjarSKIptatæki, handfærarúllur og annar laus búnaður skal fjarlægður úr bátnum þegar hann er uppi á landi eða í höfn í lengri tíma.*“ Varúðarregla þessi hafi verið sett fram í skírteini váttryggingarinnar með stoð í 26. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, þar sem fram kemur að váttryggingafélag geti gert fyrirvara í skilmálum sínum um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta sé varúðarreglum ekki fylgt.

Verði ekki fallist á aðal- eða varakröfu stefnda er þess krafist að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Vísast um það atriði til umfjöllunar um brot stefnanda gegn varúðarreglu í skírteini váttryggingarinnar og skilmála váttryggingarinnar, sbr. einnig 26. gr. laga nr. 30/2004, að breyttu breytanda. Á því er jafnframt byggt að ekki ætti að bæta stefnda andvirði nýrra handfærarúllna. Samkvæmt almenntri reglu skaðabótaréttar verði þeim sem greiða ber skaðabætur ekki gert að bæta nýtt fyrir gamalt.

Þá er kröfu um greiðslu útlagðs kostnaðar vegna málskots fyrir úrskurðarnefndinni mótmælt, enda fái það ekki stoð í skilmálum váttryggingarinnar né lögum um váttryggingarsamninga að sá kostnaður sé endurgreiddur stefnanda. Áfallinn kostnaður vegna hagsmunagæslu fyrir úrskurðarnefndinni myndi eftir atvikum geta fallið undir málskostnað skv. 129. gr. laga um meðferð einkamála, en á því sé ekki byggt af hálfu stefnanda. Er kröfu þessari mótmælt þar sem hún eigi sér hvorki stoð í lögum né váttryggingarsamningi málsaðila.

IV.

Í máli þessu krefur stefnandi stefnda um greiðslu bóta á grundvelli smábátatryggingar sem stefnandi var með hjá stefnda frá 1. júlí 2016 til 31. desember 2016, þ.e. fyrir sex handfærarúllur sem fjarlægðar voru úr báti stefnanda í lok desember 2016.

Í 1. kafla tryggingarskilmála stefnda nr. M-12 er fjallað um bótasvið. Í 1. gr. er mælt fyrir um muni sem váttryggingin tekur til og segir þar svo í 1. og 2. mgr.:

Váttryggingin tekur til báts þess, sem tilgreindur er í skírteininu, fylgifyjár hans, vista og birgða, sem eðlilegar mega teljast. Til báts og fylgifyjár teljast vélar bátsins, gangskrúfa og aðrar skrúfur, ásamt öxlum og gírurum, vindum, rafkerfi, fiskileitartæki, dýptarmælir, ratsjá, leiðsögutæki, loftskeyta- og kalltæki, ásamt nauðsynlegum búnaði og varahlutum, enda séu þessir munir um borð í bátum.

Undir váttrygginguna falla ekki fiskkassar, afli og veiðarfæri, þ. á m. varpa ásamt hlerum og vírum, nætur, nemar og sendar festir við veiðarfæri, net, línur, færi, belgir, baujur og bólfæri, undanþága þessi nær einnig til farangurs skipverja.

Samkvæmt greindum ákvæðum tekur bótasvið tryggingarinnar til báts þess sem tilgreindur er í váttryggingarskírteini og fylgifyjár hans. Úrlausn málsins veltur samkvæmt þessu í aðalatriðum á því hvort umræddar handfærarúllur geti talist „fylgifé“ bátsins, sbr. 1. mgr. 1. gr., og jafnframt hvort þær teljist til „veiðarfæra“ bátsins, en þau eru sérstaklega undanþegin bótasviði tryggingarskilmálanna, sbr. 2. mgr. 1. gr. skilmálanna.

Í lagalegum skilningi er með fylgifé, hvort sem um er að ræða bát, skip eða eftir atvikum fasteign, einkum átt við ýmsa muni sem teljast til viðkomandi eignar en unnt er að skilja frá eigninni og hafa þá oftast sjálfstætt, fjárhagslegt gildi. Nánari skilgreiningu er að jafnaði að finna í viðkomandi löggerningi. Hvað teljist til fylgifyjár kann líka að ráðast af venju eða af orðalagi þeirra laga sem kunna að gilda í einstökum tilvikum.

Eins og greinir í 1. mgr. 1. gr. váttryggingarskilmálanna tekur váttryggingin til fylgifyjár þess báts sem tilgreindur er í skírteininu. Þar eru jafnframt taldir upp ýmsir hlutir sem teljast til fylgifyjár báts og eru hvorki handfærarúllur né veiðarfæri þar á meðal.

Í 2. mgr. 1. gr. er síðan að finna upptalningu á því hvað falli ekki undir váttrygginguna og eru fiskkassar, afli og veiðarfæri þar á meðal. Þessu fylgir upptalning á nokkrum tegundum veiðarfæra en handfærarúllur eru ekki nefndar sérstaklega. Augljóst er þó af textanum að þarna er ekki um tæmandi upptalningu að ræða á tegundum veiðarfæra.

Í lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 eru handfærarúllur skilgreindar sem veiðarfæri, en þar segir m.a. svo í 4. tölul. 6. mgr. 6. gr. a í lögunum: „Engin önnur veiðarfæri en handfærarúllur skulu vera um borð.“ Samhljóða ákvæði er í 5. gr. reglugerðar nr. 414/2018 um strandveiðar fiskveiðiárið 2017/2018 og í reglugerð nr. 386/2019 um strandveiðar fiskveiðiárið 2018/2019.

Með hliðsjón af framangreindu ber að líta svo á að váttryggingin taki ekki til handfærarúllna þeirra sem í málinu greinir. Þær teljast ótvírætt til veiðafæra og geta ekki talist til fylgifjár bátsins miðað við texta váttryggingarskilmálanna sem fyrr er rakinn.

Þá er hafnað þeirri lögskýringu stefnanda að skírskotun til handfærarúllna í varúðarreglu 3. mgr. 9. gr. tryggingarskilmálanna leiði til þess að leggja beri annan skilning í 1. gr. skilmálanna en kemur beinlínis fram í orðum greinarinnar. Þá verður ekki talið að ákvæði 1. mgr. 3. gr. um almennt bótasvið, sbr. grein 3.1.7 í skilmálunum sem mælir fyrir um bætur fyrir „tjón á bátnum“ sem stafar á beinan hátt af innbroti, innbrotshjófnaði eða skemmdarverkum, geti átt við um þjófnað á handfærarúllum, sbr. einnig það sem áður segir um bótasvið skilmálanna. Þá verður ekki talið að ákvæði greinar 4.1.2 um undanþágu frá bótaskyldu hafi sérstaka þýðingu fyrir úrlausn málsins.

Með vísan til þess er að framan greinir ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þykir rétt að málskostnaður milli aðila falli niður.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Vörður tryggingar hf., er sýknaður af kröfum stefnda, Hafskipa slf., í máli þessu.

Málskostnaður á milli aðila fellur niður.

Ragnheiður Snorradóttir